

Fundur í Delta deild, annar fundur á starfsárinu, haldinn í Hótel Reykholti 28. nóvember 2009.

Dagskráin hófst kl 13.30 með því að félagskonur settust að snæðingi í veitingasal hótelsins og á borð var borin súpa, salat, og meðlæti. Gestur fundarins, Kristín Á. Ólafsdóttir, settist hjá okkur, nýkomin frá jarðarför, og spjallaði við okkur yfir borðhaldinu.

Formaðurinn okkar, Ingibjörg Adda setti fund um kl. 14.30 og bað Þórunni Reykdal að tendra kertin, kerti vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Þórunn hafði veg og vanda af þessum fundi ásamt félagskonum úr uppsveitum Borgarfjarðar og þakkaði Ingibjörg henni fyrir hennar framlag.

Formaðurinn las kveðjur frá fjarstöddum félagskonum, en óvenju fámennt var á þessum fundi. Konur uppteknar við önnur störf eða hlutverk, samvistir við fjölskyldu, börn, barnabörn og sumar uppteknar vegna náms. Eins fjölbreytt og við erum margar.

Fundargerð síðasta fundar lesin.

Þá var komið að gestinum, sem eins og áður segir, var Kristín Á. Ólafsdóttir. Kristín er í rannsóknarleyfi frá KHÍ, mennatavísindasviði. Erindi hennar fjallaði um það sem hún hefur verið að beina sjónum sínum að í rannsóknarleyfinu, *Listir og listnám í skólastarfi*.

Mjög fróðlegt erindi sem rakti sögu alþýðufræðslu í yfir 120 ár. Kristín hóf erindi sitt með umfjöllun um Guðmund Finnbogason, sem hefur verið mjög merkur maður, en hið merka rit hans, Lýðmenntun kom út árið 1903, þá var Guðmundur tæplega þrítugur að aldri. Guðmundur hafði kynnt sér þessi mál erlendis og bókina afsprengi þess.

1907 eru fyrstu fræðslulögin sett á Íslandi, en þau byggðu verulega á bók Guðmundar Finnbogasonar. Kristín vakti athygli okkar á því að Guðmundur gerir listgreinum skil, sem nauðsynlegum þátt í skólastarfi.

Kristín benti á bók eftir Jörgen Pind, um Guðmund Finnbogason, Frá sál til sálar, sem er ævisaga þessa einstaka manns. Síðan rakti Kristín lagasetningar vegna listnáms og nefni ég hér nokkrar: 1926 var sett í lög að öll börn eiga að geta gert einfaldar dráttmyndir og að kunna nokkur sönglög.

Árið 1936 var handavinna lögboðin og á seinni hluta 20. aldar leikræn tjáning og dans.

Listgreinar voru áður skilgreindar sem aukatímar, við munum eftir því sjálfar úr okkar skólagöngu. Í dag er það opinber stefna að kenna listgreinar og er það

vel. En þó kom fram í rannsókn Kristínar að ekki uppfylla allir skóla fyllilega þá skyldu. Það skiptir verulegu máli að álit Kristínar, og ég held að við getum allar tekið undir það, í framtíðinni, að börn okkar nemi listgreinar. Rannsóknir sýna að námsárangur er mun betri hjá börnum er njóta þess í skólastarfi.

Pistillin *Mér er efst í huga* flutti að þessu sinni Kristín Thorlacius. Sagði hún frá ferð til Íran, sem hún fór ásamt Jóhönnu Kristjónsdóttur og ferðahóp á hennar vegum. Ferðin var farin í október s.l. Þetta var 2 vikna ferð um land sem er okkur mjög framandi. Kristín var með nokkrar myndir með sér, m.a. af henni sjálfir með slæðu, mynd sem hún hafði í vegabréfinu sínu. Skemmtilegur pistill hjá Kristínu eins og endranær hjá Kristínu.

Að lokum var happdrættið okkar og kom vinningur í hlut Þrúðar, en hún hafði einmitt farið af fundi rétt áður, með þeim orðum um leið og hún keypti sér miða, að hún fengi aldrei vinning.

Fundi lokið 15.45.

Við vorum nokkrar sem fórum beint í Reykholtskirkju og hlýddum á jólatónleika *Graduale Nobili*, undir stjórn Jóns Stefánssonar – og vorum ekki sviknar af því.

Fundarritari: Halldóra Jónsdóttir